



# HÚNAÞING VESTRA

KLAPPARSTÍG 4 - 530 HVAMMSTANGI  
SÍMI: 455 2400 - FAX: 455 2409  
KT. 540598-2829 - VSK. nr. 59022

## Reglur um akstursstyrki til foreldra í dreifbýli með börn í leikskóla

Reglur þessar eru ætlaðar til að draga úr þeim kostnaðarauka sem búseta langt frá þjónustu getur haft í för með sér.

Sveitarfélagið greiðir foreldrum/forráðamönnum styrk vegna aksturs með börn í leikskóla samkvæmt eftirfarandi:

- Þeir sem þurfa að aka meira en 25 kílómetrar frá heimili að leikskóla eiga rétt á styrk.
- Akstur umfram þá vegalengd skal greiddur samkvæmt eftirfarandi útreikningum:  
(Vegalengd – 25 kílómetrar) x 2. Dæmi (35 km – 25) x 2 = 20 km
- Aðeins skal greiða sem nemur einni ferð á dag, óháð fjölda barna.
- Greiða skal 90 kr. á km. vegna aksturs á malarvegum, en kr. 45 á malbikuðum vegum.
- Ef barn er í leikskóla hluta úr ári skal hámarksgreiðsla taka mið af lengd tímabilsins. Hámarksupphæð á ári vegna aksturs á malbiki skal ekki fara yfir kr. 75.000 og á mánuði ekki yfir kr. 6.818. Hámarksupphæð á ári vegna aksturs á malarvegi skal ekki fara yfir kr. 150.000 á ári eða 13.636 á mánuði.
- Akstur skal staðfestur af leikskólastjóra áður en til greiðslu kemur.
- Reglurnar taka gildi 1. janúar 2009.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 11. júní 2009